



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 06. janúar 2026, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjámsdóttir, Katla Gísladóttir, Lárus Sindri Lárusson, Davíð Áskelsson, Sigurbjörn Eiríksson, Sigrún Valþórsdóttir, Haraldur Pétursson

Fjarverandi:

1. Verkefni Þórdísar – skipting verkefna á milli stjórnarmanna

Davíð sér um reiðhallarlyklana og Haraldur mun sjá um að stilla ljósin í Höllinni eftir dagatalinu. Davíð ber ábyrgð á félagatali og bera saman við Abler.

Katla ætlar að taka að sér að setja inn í reiðhallardagatalið á vefsíðunni. Sigrún talar við Jónu um þá sem eru í félagshesthúsin. Jónína og Katla munu sjá um samfélagsmiðlana eftir atvikum.

Sigurbjörn kemur inn í vinnu um „Fyrirmyndafélag“ með Kötlu og Jónínu.

Bjössu tekur samskipti við deildir og verður svo sambandi við stjórn eftir þörfum.

Jónína og Sigrún klára mál tengt firmakeppnisbikurum og Jónína tekur að sér að svara þeim póstum sem ekki falla undir verkefnaúthlutina.

2. Auglýsing eftir framkvæmdastjóra

Auglýsing send út í gær, vonandi berast góðar umsóknir.

3. Þorablót Sprettis

Ákveðið að hafa Þorablótið 6. febrúar, sem flestir hjálpast að við skipulagningu og undirbúning.

4. Tímasetningar til útleigu í höllunum og verðskrá

Rýmka tímann til að bóka alla höllina, frá kl. 06:00-12:00 eftir kl. 22:00 – 00:00 á kvöldin á virkum dögum, 06:00-09:00 á morgnana og 20:00-00:00 um helgar.

Ákveðið var að halda verðinu óbreyttu frá fyrra ári.

5. Fyrirspurn frá félagsmanni um viðsnúning á fjármálum félagsins

Farið var yfir fyrirspurn frá félagsmanni um viðsnúning á fjármálum Sprettis: „Ég óska hér með eftir að stjórn félagsins setji í fundargerð skýringar á því hvernig stjórn tókst að snúa fjármálum félagsins við með þeim hætti sem raun ber vitni.“

Á undanförunum tveimur árum hefur orðið verulegur viðsnúningur í fjárhag Hestamannafélagsins Sprettis og tengdra félaga. Við stjórnarskipti blasti við mjög erfið fjárhagsstaða þar sem félögin voru rekin með töluverðum halla og yfirdráttur hafði á ákveðnum tímamarki verið yfir 50 m.kr. Ný stjórn hefur lagt ríka áherslu á að greina stöðuna, takast á við uppsafnaðan vanda og koma rekstrinum í sjálfbært horf.

Sprettur Rekstrarfélag

Í Rekstrarfélaginu komu í ljós frávík sem höfðu í för með sér umtalsverðan ófyrirséðan kostnað. Þar má sérstaklega nefna mistök við skil á virðisaukaskatti, sem leiddu til þess að félagið þurfti árið 2024 að taka á sig tæplega 10 m.kr fjárhagslegt högg í formi leiðréttinga og álags.

Jafnframt hafði félagið staðið í spónakaupum til endursölu og séð um taðkaralosun, en þeirri starfsemi fylgdi töluverður kostnaður sem féll á félagið og reyndist þjónustan alls ekki standa undir sér fjárhagslega. Ný stjórn ákvað því að hætta þeirri þjónustu þegar hún tók við árið 2024. Aðrar kostnaðarhækkunarir má rekja að mestu leyti til almennrar verðlagsþróunar á tímabilinu.

Eftir markvissar aðgerðir hefur tekist að koma rekstri rekstrarfélagsins í mun betra jafnvægi og er staða þess nú talin stöðug miðað við fyrri ár.

Hestamannafélagið Sprettur

Í rekstri hestamannafélagsins komu í ljós veikleikar í innheimtu og kostnaðarstýringu. Félagsgjöld ársins 2024 voru innheimt sem valgreiðslur, sem hafði í för með sér mikla lækkun innheimta félagsgjalda það ár. Ný stjórn lagði áherslu á aðhald í kostnaði og að minnka soun í félaginu. Greinilegir vankantar voru á innheimtu ýmis konar tekna, til að mynda fyrir áskrift reiðhallarlykla, greiðslur fyrir útleigu á tímum í höllum, greiðslu fyrir auglýsingaskilti í höllum og leigu beitarhólfa. Þetta átak skilaði talsverðri tekjuaukningu frá fyrri árum. Kostnaður vegna stofnunar 1. deildarinnar sem fallið hafði á Hestamannafélagið hafði verið töluverður en stjórn tókst að fá þann kostnað greiddan til baka þegar 1. deildin ákvað að færa sig yfir í Sörla. Vel heppnað Landsmót í Reykjavík hafði einnig góð áhrif á rekstur félagsins á árinu 2024.

Vaxtagjöld félagsins hafa dregist verulega saman á tímabilinu, eða um 5-6 m.kr, í kjölfar lækkunar yfirdráttaskuldar. Þá hefur markvisst aðhald í rekstrarkostnaði skilað sér í umtalsverðri kostnaðarlækkun og félagið er nú komið í mun betra fjárhagslegt jafnvægi en áður.

Athygli vekur þróun í kreditkortanotkun félagsins, sem endurspeglar breytta fjárstýringu og aukið aðhald. Kreditkortavelta 2021 var 675 þúsund krónur og aðeins notað í 9 mánuði það árið, 2,8 m.kr. árið 2022 og 2,1 m.kr. árið 2023. Árið 2024 hafði veltan lækkað niður í 130 þúsund krónur, en ný stjórn tók við 1. apríl 2024.

Samantekt

Með markvissum aðgerðum, auknu aðhaldi og betri innheimtu hefur tekist að snúa rekstri bæði hestamannafélagsins og rekstrarfélagsins úr mjög erfiðri stöðu yfir í það að samantlagt eiga félögin nú þegar þetta er skrifað, rúmar 10 m.kr í lausafé. Þessi viðsnúningur undirstrikar hversu umfangsmikill vandi hafði safnast upp, en jafnframt að með ábyrgri stjórnun hefur verið hægt að byggja upp traustan og sjálfbæran rekstur. Til framtíðar skal horfa til þess að félögin geta rekið sig á sjálfbæran hátt líkt og núverandi stjórn hefur sýnt fram á að er vel gerlegt, og yfirdrátt skal nálgast á afar varfærinn hátt. Ljóst er að algjör óþarfi er að fjármagna rekstur félaganna með slíkum skammtímalánum.

6. Önnur mál

Skoðað hvort hægt sé að setja Office 365 dagatalið inn á vefsíðunni, svona þegar allt er komið á hreint. Einnig var rætt um að fá Grétu til að „klára“ hönnunina á Sprettismerkinu. Eigandi vökvunartunnunar hefur óskað eftir að fá hana til baka með vorinu. Ræðum við Bjössa um hvernig við getum staðið að því að fá okkar nýja tunnu en hún er mikilvæg fyrir viðhald keppnisvallana.

Rætt um íþróttahátíðir bæjarfélagana og þátttöku Sprettis.

Ákveðið að senda út reikninga fyrir auglýsingum í Spretthöllinni
Ákveðið var að selja bílinn sem er í eigu Spretts. Bjössi fær það verkefni.

Fundi slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson